



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um leikskólamál

Á fundi borgarráðs, 7. júlí 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Enn á ný er komið upp hið árlega vandamál í Reykjavíkurborg þ.e. að börn fá ekki leikskólapláss. Nýlega barst skeyti frá foreldrum sem fá ekki pláss fyrir 18 mánaða gamalt barn sitt. Í angist sinni hafa foreldrar reynt að ná eyrum embættismanna borgarinnar og leikskólanna sem taka ekki lengur síma enda hafa þeir engin svör. Stór hópur foreldra er í þessari stöðu og er óvissan að sliga þá. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um það hvernig meirihluti borgarstjórnar ætlar að bregðast við þessu ástandi? Eiga þessi börn sem nú eru á biðlista ekki að fá leikskólapláss fyrr en eftir áramót? Fulltrúar Flokks fólksins hafa ítrekað bent á að á meðan Reykjavíkurborg getur ekki veitt öllum börnum leikskólapláss þá sé ein lausn að bjóða foreldrum mánaðarlegan styrk sem jafngildir niðurgreiðslum Reykjavíkurborgar. Kæmi til greina að skoða þessa tillögu Flokks fólksins í ljósi ástandsins í leikskólum borgarinnar?

Svar:

Margar tillögur eru núna í úrvinnslu til að mæta þeirri stöðu sem uppi er vegna innritunar yngstu barnanna í leikskóla borgarinnar. Unnið er eftir áætlunum stýrihóps um uppbyggingu leikskóla. Einnig er verið að vinna með tillögur sem lagðar voru fram í borgarráði 18. ágúst 2022 frá öllum flokkum. Má þar helst nefna að flýta opnun Ævintýraborgar við Nauthólsveg, stofna nýjan leikskóla í Fossvogi, stækkun leikskólans Steinahlíðar og skoða fleiri möguleika á nýtingu húsnæðis í borginni sem stendur autt. Dæmi um aðrar tillögur sem eru til skoðunar eru tillögur um bætt verklag við innritun, stuðning við dagforeldrakerfið, færanlegar kennslustofur, samstarf við framhaldsskóla sem bjóða upp á leikskólaliðanám og að bjóða starfsfólki sem starfar í frístundaheimilum þann möguleika að fara í fullt starf og vinna í leikskóla fyrir hádegi. Ein af þeim tillögum sem er til skoðunar er tillaga Flokks fólksins um að veita foreldrum sem bíða eftir leikskólaplássi styrk.